



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. Maí 2024
Tilvísun: 202405-0251

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðisbætur, nr. 75/2016 (grunnfjárhæðir og fjöldi heimilismanna).

Til umsagnar er frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðisbætur í samræmi við yfirlýsingu stjórnvalda tengdri kjarasamningum. Aðgerðir stjórnvalda í kjölfar undirritunar kjarasamninga á almenna vinnumarkaðinum voru þýðingarmiklar til að styðja við gerð samninga sem samræmdust verðstöðugleika.

Breyting á húsnæðisbótum var hluti af þeim aðgerðum. Þær fela í sér hækkun á grunnfjárhæðum húsnæðisbóta ásamt fjölgun heimilismanna sem eiga rétt á húsnæðisbótum. Jafnframt eru gerðar breytingar á eignaskerðingum og eignamörk hækkuð.

Alþýðusambandið styður aðgerðirnar og hvetur til þess að málið nái fram að ganga en bendir þó einnig á að ráðast þurfi í umfangsmeiri aðgerðir til að bregðast við stöðunni á húsnæðismarkaði.

Á það skalt þó beint, að verkalýðshreyfingin hafði upphaflega kallað eftir því að húsnæðisstuðningur yrði aukinn með sameiningu húsnæðisbótakerfisins og sérstakra húsnæðisbóta sveitarfélaganna. Kerfi sérstakra húsnæðisbóta er að mörgu leyti flókið og eru reglur ólíkar milli sveitarfélaga þannig að í tilfellum eiga stórir hópar með íþyngjandi húsnæðiskostnað ekki rétt á sérstökum húsnæðisbótum. Líkt og bent er á í greinargerð með frumvarpinu gæti hækkun húsnæðisbóta orðið til þess að samanlagður húsnæðisstuðningur (húsnæðisbætur og sérstakur húsnæðisstuðningur) hækki ekki vegna reglna sveitarfélaga um hámark samanlagðs stuðnings. ASÍ telur mikilvægt að reglur verði endurskoðaðar þannig að aðgerðin uppfylli markmiðin um að aukinn stuðningur.

f.h Alþýðusambands Íslands

Róbert Farestveit
Hagfræðingur
Sviðsstjóri hagfræði og greiningasviðs